

Óvenjuleg steypa í kotbýlinu

Written by Strandagaldur

Tuesday, 08 November 2005 18:27

25. apríl 2005

Framkvæmdir standa yfir á fullu í Kotbýli kuklarans á Klúku í Bjarnarfirði sem er annar áfangi Galdrasýningar á Ströndum. Í gær var gólfið steipt í húsið en steypan er vægast sagt afar óvenjuleg. Til þessa hafa húsbyggjendur reynt að forðast fyrir alla muni að hafa mold eða leir í steypunni, en við blöndun þessarar steypu var talsvert af mold og öðrum efnum í henni svo gólfið í kotbýlinu yrði sem fornlegast. Verkfræðingar hjá Línuhönnun önnuðust tilraunir á blöndunni fyrir Strandagaldur.

Í hverja hræru fór einn hluti sands, einn hluti Moltu og 1/3 hluti kalks auk réttis magns af sementi. Brúnum lit var svo blandað varfærnislega út í steypuna. Niðurstaðan varð moldargólf sem á að þola átroðning þúsunda gesta án þess að þyrlla upp moldarryki.

Stefnt er að opnun Kotbýlis kuklarans þann 23. júlí n.k. kl: 10:00.